Heimskringla

(Stofnuð 1886)
Kemur út á hverjum miðvikudegi.
EIGENDUR:
VIKING PRESS, LTD.
853 og 855 SARGENT AVE., WINNIPEG.
Talsími: N-6537

Verð blaðsins er $2.00 árgangurinn borgist fyrirfram. Allar borganir sendist
THE VIKING PRESS LTD.

SIGFÚS HALLDÓRS frá Höfnum
Ritstjóri.
JAKOB F. KRISTJÁNSSON,
Ráðsmaður.

Utanáskrift til blaðsins:
THE VIKING PRESS, Ltd., Box 3105
Utanáskrift til ritstjórans:
EDITOR HEIMSKRINGLA, Box 3105
WINNIPEG, MAN.

"Heimskringla is published by
The Viking Press Ltd.
and printed by
CITY PRINTING & PUBLISHING CO.
853-855 Sargent Ave., Winnipeg, Man.
Telephone: N 6537

WINNIPEG, MAN., 30. DESEMBER 1925

"Fair Play"

Engin hvít þjóð mun hafa lagt eins mikla rækt við líkama sinn síðustu mannsaldra eins og Bretar. Enn munu þeir standa einna fremst að líkamsmenningu, en þó eru allar líkur til þess, að Norðurlandaþjóðirnar, sérstaklega Svíar og Finnar, taki þeim nú fram, ef nokkuð er. Aðrar þjóðir standa Englendingum áreiðanlega ekki jafnfætis, hvað þá framar. Þeir hafa verið kennarar allra síðaðra þjóða, um viðhald og ræstingu líkamans, áratugum saman. Sé það rétt, að það hafi verið alþýðuskólakennararnir þýzku, sem sigruðu Frakka 1871, þá er engu síður víst, að sú sjálfsvirðing og fjörsauki, sem líkamlegur þrifnaður hefir í för með sér, er ein aðalstoðin, sem runn in er undir hið mikla brezka heimsveldi á 18. og 19. öld.

* * *

Meðal annara þjóða hafa Englendingar haft einkennilega misjafnt orð á sér, í nokkra mannsaldra. Á annan bóginn hef ir þeim verið brugðið um fégræðgi, yfirdrepsskap og hræsni. Vafalaust hefir þetta verið nokkuð ýkt, saman borið við aðrar þjóðir, en ýmsir merkustu rithöfundar brezkir núlifandi, játa þó fúslega, að þessi orðrómur hafi ekki verið ástæðulaus. En á hinn bóginn hafa þeir jafnframt verið frægir um allar jarðir fyrir þá eigind, sem fegurst er í fari allra dauðlegra manna, fyrir "fair play".

Þetta orðatiltæki, "fair play", er runnið ensku máli í merg og blóð. Það á rót sína að rekja til enskrar líkamsmenningar. Englendingar styrktu, fegruðu og lögðu rækt við líkama sinn, til þess að gera hann sem traustast og vegsamlegast ker og umgerð fyrir sál sína og andleg djásn. Þeir gerðu líkamsmentun sína að fögrum leik, þegar bezt var, líkt og Forn-Grikkir forðum, þótt þeir og aðrir enn ekki séu komnir á það hástig líkamstamningar, sem Grikkir náðu. Slík þjálfun líkamans hefir að öllu sjálfráðu mikilvæg áhrif á sálarlíf manna. Menn, sem að einhverju leyti stefna til fegurðar, gera æ hærri kröfur til sín sjálfra, eftir því sem áfram miðar. Og eftir því sem líkamsmenning Englendinga óx, eftir því varð krafan um "fair play" sterkari, yfirleitt.

Þessa kennir á öllum sviðum. Háaðallinn hefir jafnan gengið á undan um fagrar líkamsþróttir, á Englandi. Enda mun óhætt að fullyrða, að með engri þjóð hafi háaðallinn lagt á borð með sér jafnmargar ágætismenn, eins og einmitt með Englendingum. Þótt saga þeirra, eins og allra annara stórþjóða, sé stórblettuð af fjárgræðgi, stjórnmálaprettvísi, og harðvítugri sérdrægni, þá er það tæplega vafamál, að meira beri á fögrum leik, á sanngirni og réttsýni, hjá einstökum mönnum aðalsstéttarinnar á Englandi, en meðal samstéttunga þeirra með öðrum stórþjóðum. Auðvitað hafa þeir menn, einnig þar, verið fáir, samanborið við hina; en þegar á alt er litið; á vort fákænlega mannfélagsskipulag, þá er ef til vill ekki mest ástæða til undrunar, að þessir menn skuli vera svo fáir, heldur þvert á móti, að þeir skuli þó vera svo margir.

* * *

Halda skyldu menn að mögulegt væri að leika fagurt, um hvað sem kept er. Langt er þó frá því að svo sé. Enn er eðli vort svo ótamið, lægri hvatir þess og fýsnir svo öflugar, að erfitt er að koma við fögrum leik. Svo lítið er taumhaldið á sjálfum oss, að sama þjóðin, sem myntað hefir "fair play", hefir einnig notað mál sitt til þess að mynta í orð, og vængfleygja um allar jarðir, það villimannlega hugtak, að "all is fair in love and war". Og íslenzkt mál hefir verið notað til þess sama. "Enginn er annars bróðir í leik". Auðvitað er oss nútíðarmönnum ekki yrðing þessara hugtaka jafnmikil orsök til gremju, eins og það, að sú myntun skuli vera gjaldgeng enn þá.

Því er ver og miður, að mestur hluti lífs vors og starfs er miðaður við gildi þessarar kenningar. Hún seyrir alt viðskiftalíf vort; alla stjórnmálastarfsemi. Meðan hún heldur gildi sínu, verðum vér sömu hörmungunum ofurseldir og mannkynið altaf hefir verið, frá dögum vitsmunalífsins. Yfir oss ganga þá styrjaldir og stórfár; örbirgð og heimska; hungur og siðspilling; hverskonar andlegar og líkamlegar drepsóttir, skaflajárnuðum fótum.

* * *

Altof lítið er gert að því, að kenna "fair play"; ekki einungis börnum, heldur sérstaklega fullorðnum. Altof lítið er gert að því, að benda á hvern fagran leik á skákborði lífsins, og hvetja menn til þess að hægja á framþeyzlunni, til þess að virða hann fyrir sér, til eftirbreytni. Hver fagur leikur þolir það; hver fagur leikur á það skilið.

Fyrst á þetta er minst, er ekki úr vegi að virða fyrir sér tvent, sem nýlega hefir komið fyrir á meginlandinu hérna megin hafsins.

* * *

Í sambandskosningunum í haust var gert heyrumkunnugt, að Mr. Spotton (cons.) hefði verið kosinn í North Huron kjördæminu í Ontario. Keppinautur hans Mr. King (progr.), kærði kosninguna, kvaðst hafa fengið töluverðan meirihluta atkvæða. Dómarinn í undirrétti ákvarðaði, að á fjórða hundrað atkvæði, er Mr. King höfðu verið greidd, væru ógild, sökum þess að kjósendur hefðu ekki rifið stubbinn af miðunum. Yfirréttur dæmdi Mr. King atkvæðin; kjörstjóri hefði átt að rífa af stubbana, er talið var. Enginn vafi væri á því, að meirihluti kjósenda hefði greinilega látið í ljós fylgi sitt við King. — Málið er nú fyrir hæstarétti.

En nýlega birtist grein í hinu conservatíva höfuðstaðarblaði, "The Ottawa Journal". Segir blaðið, að þótt svo fari, að Mr. Spotton verði dæmd þingmenskan, þá eigi hann ekki að þiggja, heldur segja af sér, og stofna til kosninga á ný. Enginn efi sé á því, að í raun réttri hafi kosningarnar gengið Mr. King í vil, þótt þessir stubbar hafi fylgt með atkvæðamiðunum, og þess vegna geti Mr. Spotton ekki þegið sætið af hæstarétti, án þess að skerða heiður sinn.

Þetta er fagur leikur af blaðsins hendi og vonandi að Mr. Spotton sé sama sinnis. Þetta er "fair play" samkvæmt beztu erfðavenjum brezkum. En aðferðin er því miður frekar sjaldgæf.

* * *

Blaðið Lögberg segir síðast frá þeirri frétt, meðal annars, að kvikmyndahúseigandi í Shenandoah, Ia., í Bandaríkjunum, C. J. Latta að nafni, auglýsti vissar mynd ir, er sýndar yrðu tvo tiltekna daga, án þess sjálfur að hafa séð þær. Er hann sá þær, þótti honum þær lélegar og auglýsti það í blöðunum og við dyrnar, og latti fólk að sækja þær. Menn urðu vitanlega forviða á þessu, en hann svaraði að hann auglýsti ávalt ráðvandlega.

Það er því miður von, að menn skyldu verða forviða á þessu. Því miður er svona fagur leikur svo óvenjulegur í viðskiftalífinu, að viðskiftamenn, er svona hegða sér, myndu, að minsta kosti fyrst um sinn, verða taldir vitlausir, af öllum þorra manna. En þetta er eftirbreytnisvert, og vert þess að haldið sé á lofti.

* * *

Þetta þarf mannkynið að leggja rækt við öllu fremur: fair play. Láta það hugtak gagnsýra allar athafnir sínar.

Megi sá andi ríkja. Megi hann fara sívaxandi. Gera frekar vart við sig á komandi ári en árið sem leið.

Kappkostum að stuðla að þessu í öllum vorum viðskiftum. Þá fyrst getum vér með góðri samvizku, við hver áramót, tekið oss í munn orðin: **Gleðilegt nýár, þökk fyrir gamla árið.**

Misskilningur.

sannefndur er vörn Mr. A. C. Johnson's konsúls í síðasta Lögbergi. Sú grein byrjar og endar á misskilningi.

Vér fáum ekki skilið, hvernig konsúlnum dettur í hug, að ritstjóri Lögbergs sé potturinn og pannan í því, að Heimskringla gat um óafsakanlega hlutdrægni konsúlsins í næstsíðasta tölublaði. Sú grein var að engu leyti herferð á hendur blaðinu Lögberg eða ritstjóra þess. Hún átti aðeins við aðgerðir konsúlsins. Þess vegna fáum vér ekki heldur skilið, vegna hvers konsúllinn sendir Lögbergi skýringu við umkvörtun, sem kemur í Heimskringlu, nema hann ætli sér að gera Lögberg að opinberu málgagni dönsku og íslenzku ríkjanna hér vestra. Sem privatmaður getur Mr. A. C. Johnson vitanlega tekið annað blaðið fram yfir hitt, og er engin ástæða fyrir nokkurn mann að andæfa því einu orði; en vér erum á þeirri skoðun, að þegar að umboðsmaður erlendra stjórnarvalda vill eyða misskilningi, er hann telur hafa komið fram í opinberu blaði, þá sé það kurteisast og stöðu hans samboðnast, að senda skýringu sína því sama blaði, þ. e. a. s. Heimskringlu, eins og á stóð.

En svo vér snúum oss að aðalatriðinu, þá á Heimskringla ekkert tilkall til kvöldverðar hjá konsúlnum, og hefir heldur ekki gert það. En svo framarlega sem Heimskringla er af einskæru vinarþeli gerð í garð Dana og Íslendinga, vestan hafs og austan, þá höldum vér því fram, að hún hefði átt tilkall til þess að vita **jafngreinilega** um þann heiður, er konungur Íslands og Danmerkur varpaði í hlut þessara tveggja mætu Vestur-Íslendinga, eins og hitt vestur-íslenzka blaðið, **og engu síður þótt það sé flokksblað konsúlsins í canadiskum stjórnmálum og vestur-íslenzkum kirkjumálum, og að hann eigi hlut í því, ef rétt er hermt.**

Konsúllinn veit ákaflega vel, að hann gerði aðstöðu blaðanna mjög ójafna, enda eru skýringar hans ekkert annað en útúrdúrar. Hann segir að ritstjóri Lögbergs hafi ekki verið tilkvaddur sem ritstjóri, heldur sem einn af beztu vinum heiðursgestanna, og að kvöldverðurinn hafi verið algerlega prívat. Vér erum algerlega á öðru máli. Hefði konsúllinn í kyrþey sent heiðursmerkin til viðtakenda, og síðan haldið þeim veizlu, þó tífalt meiri hefði verið, til þess að samgleðjast þeim, þá var sú veizla algerlega prívat. En þegar konsúll Dana og Íslendinga hér, notar tækifærið til þess að bjóða fjölmenni að vera við, er hann með hátíðlegu ávarpi afhendir heiðursmerkin, þá fer mesti privatblærinn af samsætinu.*) Mr. A. C. Johnson sléttur og réttur, hefi rengan rétt til að afhenda þessi heiðursmerki. Það er **umboðsmaður Íslendingakonungs**, sem afhendir þau. Hann gat gert það í kyrþey, eins og hann segir. En hann kaus að gera það hátíðlega. Það er allur munurinn. Og hann gefur ritstjóra annars blaðsins tækifæri til að vera við, hlusta á ræðu sína, sem umboðsmanns konungs; prenta hana, og það annað um þessa athöfn, er blaðinu þykir taka og það kemst yfir. Í fám orðum: **Annað vestur-íslenzka blaðið fær frá konsúlsins hendi, um þenna heiður og athöfn að vita, út í æsar** (hvort sem það fær það prívat eða opinberlega), **hitt fær frá hans hendi enga minstu vitneskju um þetta.**

Vér sjáum ekki að viðkomandi stjórnarvöld geti haft neina ánægju af þeirri fyndni konsúlsins í vorn garð, að honum "virðist sanngjarnt að hugsa að ritstjórinn **væri vaknaður*** og **rækist*** á þessa frétt, **jafnvel*** áður en miðvikan væri liðin", af því að athöfnin hafi farið fram á laugardagskvöld; hennar hafi verið getið í "Free Press", sem ísl. blöðin "fái fréttafróðleik úr," og útkomudagur Heimskringlu sé miðvikudagur.

Konsúllinn veit vel, að íslenzku blöðin hér hafa ekki ástæður til þess að halda fregnritara. Heimskringla er fullsett þriðjudagskvöld (prentuð á miðvikudagsmorgna). Vér fáum kvöldblað "Free Press", sem berst á skrifstofuna um lokunartíma. Svo mikið var þó sett, að ógerningur var að taka meira út en gert var, til þess að geta þessa viðburðar, enda enginn tími til að geta hans meira en gert var, og með herkjubrögðum aðeins var mögulegt að útvega aðra myndina, sem vantaði, og voru myndirnar þó ekki svo úr garði gerðar, sem vér hefðum kosið. —

Konsúllinn getur máske talið sjálfum sér trú um það, að hér hafi um enga hlutdrægni verið að ræða. En það er áreiðanlegt, að þeir verða **sárfáir** aðrir, meðal Vestur-Íslendinga, er til þekkja, sem hann fær til þess að taka þá trú. Lítum á: Sökum aðstöðu þeirrar, er konsúllinn gefur Lögbergi, getur það flutt stórar og ágætar myndir af þeim, er sæmdir voru, og notað nær því hálfa framsíðu sína til þess að skýra frá heiðursmerkinu, og þar að auki hálfa ritstjórnardálka sína, til þess að flytja ræðu konsúlsins, og skýra nánar frá þessum viðburði, sem var að öllu leyti maklega gert. Á hinn bóginn er aðstaða sú, er konsúllinn gaf Heimskringlu á þann veg, að **þrátt fyrir það** að ritstjórinn var "vaknaður", gat blaðið aðeins minst þessa atburðar lítillega, og með naumindum komið smámyndum í blaðið.

Konsúllinn er ekki skynskreppingur, svo að honum sé það ekki ljóst, hvað sagt hefði verið, ef Heimskringla hefði ekki getað birt myndir, vegna þeirrar afstöðu, er hann tók, og ekki andæft aðferð hans; — að eins flutt stutta umgetningu. Það hefði orðið almannarómur; og gildar ástæður til; að hér sæi maður ljóst hlutdrægni blaðsins, sem altaf væri að tala um samvinnu og bræðraþel. Nú sæist bezt, hvað það vildi til þess leggja. Nú reyndi það að gera sem minst úr þessum atburði, að það gæti vegna velsæmis, af því að báðir menninirnir, sem heiðraðir hefðu verið, tilheyrðu öðrum stjórnmálaflokki, og sérstaklega öðru kirkjufélagi. Og Heimskringla hefði óverðskuldað hlotið hina mestu hneisu af, í augum allra beztu manna, úr báðum flokkum hér vestra.

Þetta var það, sem "sveið undan", ef um "sviða" skal tala, en ekki af hinu, að persónulega var gerður munur á ritstjórum blaðanna, eins og konsúllinn gefur í skyn, á lítt viðeigandi hátt. Þótt ekki hefði verið nema almenn kurteisi, að gefa báðum **blöðunum** jafnt tækifæri til þess að vera við, er konsúllinn framdi **embættisverk** sitt, í viðurvist fjölmennis*), þá skifti það miklu meira máli fyrir embættisvirðingu konsúlsins, heldur en fyrir blaðið. Hefði hann aðeins tilkynt Heimskringlu í tíma um þessa viðurkenningu; látið hana vita um samsætið og ræðuna, og vinsamlega gefið kost á prentun hennar, þá hefði engin aðfinsla við gerðir hans komið fram í dálkum blaðsins. Þá hefðum vér talið hann gera báðum blöðunum nægilega jafnt undir höfði.

En til þess voru tæplega refirnir skornir. Og hvað sem líður tilgangi konsúlsins sjálfs, þá leggur almenningsdómur þann skilning í atferli hans, að það hafi átt að hækka undir höfði Lögbergs, og lækka að sama skapi undir höfði Heimskringlu. Grein konsúlsins í Lögbergi bætti ekkert um málstað hans. Þeir eru æðimargir fleiri en vér, sem af anda hennar þykjast geta ráðið, að konsúlnum hefði verið algerlega ósárt um, þótt ritstjóri Heimskringlu hefði ekki verið "vaknaður", og alls engin frétt komið þaðan um þenna atburð.

Og víst er, að úr greininni verður ekkert annað lesið en það, en að konsúllinn myndi fara nákvæmlega eins að í annað skifti. Vonandi verða þó einhver ráð með það fyrir Heimskringlu, að geta flutt lesendum sínum fregnir af þeim heiðri, er samlöndum þeirra kann framvegis að hlotnast frá þeim stjórnarvöldum, sem Mr. A. C. Johnson er fulltrúi fyrir, án þess að fara bónarveg að honum sjálfum. Það verður að minsta kosti ekki oss að kenna, ef lesendur vorir ekki framvegis geta glaðst yfir maklegum heiðri íslenzkra manna, hverjum stjórnmálaflokki sem þeir tilheyra, eða hvaða trúarjátningu sem þeir hafa.

*) Að konsúllinn skildi þetta eins glögt og vér, sést glögglega af því, að undir lok ræðu afhendir heiðursmerkin, þá fer mesti prí*bættisverki* sínu.

*) Auðkent hér.

*) Likt og þá er konsúllinn afhenti hr. Ó. S. Thorgeirssyni riddarakross Dannebrogsorðunnar, frá Danakonungi.

DODD'S nýrnapillur eru bezta nýrnameðalið. Lækna og gigt, bakverki, hjartabilun, þvagteppu, og önnur veikindi, sem stafa frá nýrunum. — Dodd's Kidney Pills kosta 50c askjan, eða 6 öskjur fyrir $2.50, og fást hjá öllum lyfsögum, eða frá The Dodds Medicine Co., Ltd. Toronto, Ontario.

———x———

"Margt er skrítið í Harmóníu".

Ekki alls fyrir löngu birtist í Heimskringlu grein, sem nefnd er: "Það er hann Steingrimur". Höf. kallar sig "Aust-vestan", og skrifar grein sina til að mótmæla ýmsu, sem Steingr. lækni Matthiassyni þóknast að setja i grein sina, er hann skrifar um heimilisháttu Vestur-Islendinga.

Þessi ritgerð A.-v. hefir þegar vakið á sér allmikla eftirtekt, og nú eru komnar út tvær andsvarsgreinar gegn henni. Er sú fyrri i Hkr. eftir séra Rögnv. Pétursson, en hin siðari i Lögbergi, og er hennar faðir einhver Láras Guðmundsson.

Um grein séra R. P. er það að segja að þar er öllu i hóf stilt, eins og vænta mátti um svo ágætan vitmann sem höf. er. Han beinir skeytum sínum i rétta átt og missir ekki marks. Þar er mjög réttilega tekið svari Steingrims læknis, því ósanngirni talsverð virðist mér það hjá A.-v., að ráðast svo freklega á Stgr. sem rithöfund svona yfirleitt. Ritgerðir læknisins eru flestar fjörlega og skemtilega skrifaðar, og því áreiðanlega fáum til leiðinda. Alleinkennilega kemur það lika fyrir sjónir, að A.-v. gefur i skyn, að hann telji það hafa verið ljóð á ráði dr. Matthiasar Jochumssonar, er hann gat Steingrim lækni.

Fyrir þetta og fleira setur séra R. P ofan i við A.v. að maklegleikum; aðeins finst mér kenna ósanngirni, þar sem gefið er i skyn i enda greinarinnar, að A.-v. geti ekki þolað að heyra lof um Vestur-Islendinga, geti ekki þolað, að þeir "standi upp úr forinni", og að þeir skuli ekki hafa "afmannast og orðið að engu".

Eg hefi þvi miður ekki hjá mér grein A.-v., en eg held að mér sé óhætt að fullyrða það, að þótt leitað sé i hverri linu, þá finnist þar hvergi hnjóðsyrði i garð V.-I.; þvert á móti má þar finna mörg smjaðurlaus hrósyrði. Eg held að A.-v. gremjist það alls ekki, að Vestur-Islendingar séu lofaðir; en hitt gremst honum auðsjáanlega, að Stgr. læknir skuli ekki i áminstri grein hafa séð sér fært að lofa V. I. sæmilega, án þess að gefa það á *kostnað heimaþjóðarinnar*. En að svo er, vita allir, er grein læknisins hafa lesið. Gamalt og gott islenzkt máltæki segir: "Svo skal lofa einn að lasta ekki annan".

Þá kem eg að grein L. G., og verður nú nokkuð annað uppi á teningunum. Höf. er rúmfrekur, nægir ekki minna en fjórir dálkar i Lögb., en mestur hluti þeirrar greinar er hálfleiðinlegur vaðall, fúkyrði og útúrsnúningar. Markið hvergi hitt. Höf. segir meðal anars, að annar aðaltilgangur A.-v. sé að lita smáum augum á Vestur-Islendinga, en eins og eg hefi þegar tekið fram, held eg að ógerningur sé að sanna þau ummæli, og það er eins og höf. finni til þess sjálfur, að sá dómur hans sé ekki á sýnilegum rökum bygður, því seinna segir hann: '— — Það er hræðsla meira en ungæði fyrir honum, að hann ekki kastar meiri lítilsvirðingu til vor en hann gerir." Ekki vantar nú góðgirnina!!! En meðal annara orða, hvernig veit höf. þetta?